

Hafnarfjarðarbær gerir ekki athugasemd við frumvarpsdrögin, en vill benda á atriði í 2. mgr. 36. greinar skipulagslaganna sem þarfnast lagfæringar. Sú málsgrein er ætluð til að flýta og einfalda málsmeðferð þegar um óverulega breytingu á aðalskipulagi er að ræða. Ef Skipulagsstofnun hins vegar fellst ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða, er hér ekki um flýti eða einföldun að ræða, heldur seinkun, þar sem málið þarf þá aftur að fara til afgreiðslu sveitarstjórnar. Þess vegna er lagt til að á eftir „skv. 30.-32. gr.“ í 1. málslið 2. málsg. 36. greinar komi: „Áður en málsmeðferð hefst skal senda fyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Að fenginni jákvæðri umsögn Skipulagsstofnunar skal sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar....“